

Þriðjudaginn 24. nóvember 1964.

Nr. 144/1963. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Ingólfi Símon Matthíassyni

(Sigurður Baldursson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Línai.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa farið fram framhaldspróf í málinu og nýrra gagna verið aflað. Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur markað á sjókort staðarákvörðun flugvélar Landhelgisgæzlunnar, TF—SIF, yfir báti ákærða, Haferni, VE 23, hinn 23. júlí 1963. Samkvæmt henni var staður bátsins um 0.9 sjómílur innan 4 sjómílna fiskveiðimarkanna. Kveður skólastjórinn dýpi á þeim stað virðast vera samkvæmt kortinu laust innan við 79 metra eða 43 faðma. Þá hefur skólastjórinn og markað á sama sjókort staðarákvarðanir varðskipsins Óðins hinn 10. ágúst 1963. Reyndist staður báts ákærða kl. 1601 hafa verið 1.7 sjómílur innan 4 sjómílna fiskveiðimarkanna, en kl. 1622, er varðskipið kom að bátnum, um 0.2 sjómílur innan sömu marka.

I. Ákæra fyrir fiskveiðabrot 23. júlí 1963.

Ákærði hafði hinn 16. maí 1963 fengið leyfi Sjávarútvegs-málaráðuneytisins fyrir bát sinn, Haförn, VE 23, til letur-humarveiða innan landhelgi á miðum við Suður- og Vestur-land, en þó með þeirri takmörkun, að óheimilt skyldi að stunda veiðar á grynna vatni en 60 föðmum. Var ákærði að humarveiðum, er flugvél Landhelgisgæzlunnar gerði þá staðarákvörðun yfir báti hans, sem í málinu greinir.

Þegar ákærði kom fyrir dóm hinn 30. júní 1963, kvaðst

hann ekki vefengja staðarákvörðun gæzluflugvélarinnar, enda hafi hann sjálfur engar staðarákvarðanir gert. Í refsímáli því, sem hér liggur fyrir, verður þessi umsögn ákærða ekki metin honum til sakaráfellis sem viðurkenning á broti.

Varhugavert þykir að telja hina einu staðarákvörðun, sem gæzluflugvélin gerði, veita alveg fullnægjandi sönnun fyrir því, að bátur ákærða hafi í umrætt sinn verið á svæði, sem ákærða var óheimilt að stunda humarveiðar á samkvæmt fyrrgreindu leyfi Sjávarútvegsmálaráðuneytisins. Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði skuli vera sýkn af þessu ákæruatriði.

Það er athugavert, að starfsmenn Landhelgisgæzlunnar reyndu ekki að gera bátsverjum viðvart, þegar framangreind staðarákvörðun hafði verið gerð.

II. Ákæra fyrir fiskveiðabrot 10. ágúst 1963.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um refsingu ákærða til handa fyrir ólöglegan umbúnað veiðarfæra á báti sínum innan íslenzkrar landhelgi hinn 10. ágúst 1963, þó með þeirri breytingu, að greiðslufrestur sektar er ákveðinn 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Sakarkostnaður.

Rétt þykir eftir framangreindum úrslitum að leggja sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að hálfu á ákærða og að hálfu á ríkissjóð. Fjárhæð sú, sem ákærða ber að greiða sem saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, er ákveðin kr. 4.500.00. Laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti eru ákveðin kr. 9.000.00, og ber ákærða samkvæmt framansögðu að greiða þau að hálfu.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Símon Matthíasson, greiði kr. 4.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald 15 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkis-sjóðs, kr. 4.500.00. Allan annan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Sigurðar Baldurssonar hæstaréttarlög-manns, kr. 9.000.00, greiði ákærði að hálfu, en ríkis-sjóður að hálfu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 20. september 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. september s.l., er höfðað fyrir sakadómi Vestmannaeyja á hendur Ingólfi Matthíassyni skipstjóra, til heimilis að Hólagötu 20 í Vestmannaeyjum, með tveimur ákærum, útgefnum af saksóknara ríkisins 9. september 1963, í annari „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 87/1958 sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 70/1958 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. nú 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 33/1922, sbr. enn fremur 1. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1959 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum með leturhumarvörpu á vélbátnum Haferninum, VE 23, þriðjudagskvöldið 23. júlí 1963 út af Vík í Mýrdal utan þess svæðis innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961, sem slíkar veiðar eru heimilar samkvæmt undanþágu samkvæmt 2. mgr. 1. gr. nefndra laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. nefndra laga nr. 6/1959. Ákærist því nefndur Ingólfur til að sæta refsingu samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 87/1958 og 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í hinni ákærunni er ákærði sóttur til saka fyrir:

„Aðallega ákærist hann fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 87/1958, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 70/1958 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. nú 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 33/1922, sbr. enn fremur 1. mgr.

1. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1959 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á vélbátnum Haferninum, VE 23, síðdegis laugardaginn 10. ágúst 1963 út af Mýrnatanga innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961.

Til vara ákærast hann fyrir ólöglegan umbúnað veiðafæra vélbátsins á framangreindum stað og tíma samkvæmt 4. gr. nefndrar reglugerðar nr. 3/1961 sbr. lög nr. 44/1948 og 2. gr. nefndra laga nr. 5/1920, sbr. 2. gr. nefndra laga nr. 6/1959.

Ákærast því nefndur Ingólfur til að sæta refsingu samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 87/1958 og 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði, Ingólfur Símon Matthíasson, er fæddur í Vestmannaeyjum 17. desember 1916 og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1936 14/7 Siglufjörður: Sátt, 30 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1938 2/2 Vestmannaeyjar: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1940 19/11 Vestmannaeyjar: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1941 3/10 Vestmannaeyjar: Sátt, 5 kr. sekt fyrir að taka bát í óleyfi.

I. Þriðjudaginn 23. júlí 1963 var gæzluflugvélin TF-SIF á eftirlitsflugi fyrir suðurströnd Íslands. Veitti hún þá athygli mótorbát, er var að botnvörpuveiðum út af Vík í Mýrdal innan fiskveiðitakmarkanna. Segir svo í skýrslu Landhelgisgæzlunnar:

„Þriðjudaginn 23. júlí 1963 staðsetti gæzluflugvélin TF-SIF vélbátinn VE 23 að ólöglegum botnvörpuveiðum út af Vík í Mýrdal.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Kl. 2023 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir bátnum, sem togaði með stjórnborðsvörpu:

Mávadrangur	> 44° 19'
Hatta	
Hjörleifshöfði	> 64° 11'

Þetta gefur stað bátsins um 8.9 sjóm. innan 12 sjóm. fiskveiðitakmarkanna, eða um 0.9 sjóm. innan leyfðra marka fyrir íslensk fiskiskip á þessum tíma árs. Mælingar voru gerðar með sextöntum af Garðari Pálssyni skipherra og Benedikt Guðmundssyni stýrimanni, en Ásgeir Halldórsson loftskyeztamaður ritaði mælingarnar niður.

Flughæð var 500 fet, flughraði 140 sjóm. Veður: N-gola, skýjað loft, skyggni gott.“

Skýrsla þessi var undirrituð af Garðari Pálssyni skipherra. Garðar Pálsson skipherra, Benedikt Guðmundsson stýrimaður og Ásgeir Halldórsson loftskyeztamaður mættu allir fyrir sakaðómi Reykjavíkur og staðfestu þeir allir efni skýrslunnar. Sögðu þeir allir, að þegar mælingar á stað bátsins fóru fram, hafi skipherra og stýrimaður lesið af sextöntum og hvor hjá öðrum, en loftskyeztamaður skrifaði mælingarnar niður.

Þeir sáu greinilega númer bátsins og einnig, að hann togaði með stjórnbörðsvörpu. Allir unnu þeir eið að framburði sínum.

Er ákærði mætti fyrir réttinum, viðurkenndi hann að hafa verið að togveiðum út af Vík í Mýrdal, er flugvél Landhelgisgæzlunnar bar að í umrætt sinn.

Skipstjórinn segist hafa togað með humarvörpu í umrætt sinn. Hann vefengir ekki á nokkurn hátt staðarákvarðanir né annan framburð Landhelgisgæzlumannanna.

Hann kveðst ekki neita því, að hann kynni að hafa togað í grynri sjó en leyfilegt var samkvæmt humarleyfinu, en þá væri aðeins um misnotkun á humarleyfinu að ræða, en ekki brot á fiskveiðilöggjöfinni. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er sannað með játningu ákærða og eiðfestum framburði starfsmanna Landhelgisgæzlunnar, að ákærði var að toga með leturhumarvörpu á þeim stað, sem tilgreindur er í skýrslu Landhelgisgæzlunnar.

Dýpi er þar um eða nálægt 79 metrum, en dýpkar fljótt bæði að austan og vestan.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið hafði veitt leyfi til, að stundaðar yrðu leturhumarveiðar á bátum við Suður- og Vesturland til 1. september, en leyfið var bundið ýmsum skilyrðum og meðal annars því skilyrði, að veiðar yrðu ekki stundaðar á grynna vatni en 60 föðum. Þetta skilyrði hefur ákærði brotið samkvæmt því, sem áður er tekið fram.

En í humarveiðileyfinu segir, að fyrsta brot gegn ákvæði um

veiðar innan 60 faðma dýpis muni varða leyfismissi, en ekki getið annarra viðurlaga.

Ákærði hafði því ástæðu til að ætla, að um önnur viðurlög væri ekki að ræða.

Báturinn hefur þegar verið sviptur leyfinu. Og með því að frá leyfisbréfinu var gengið á þann veg, sem nú hefur verið lýst, þykir varhugavert að heimfæra skilorðsrof ákærða undir brot á fiskiveiðlöggjöfinni. Samkvæmt þessu verður ákærði sýknaður af þessu ákæruatriði.

II. Laugardaginn 10. ágúst 1963 var varðskipið Óðinn á vesturleið fyrir suðurströnd Íslands. Veitti varðskipið þá athygli mótorbát, sem virtist grunsamlega nálægt landi undan Alviðruvita.

Segir svo í skýrslu Landhelgisgæzlunnar:

„Laugardaginn 10. ágúst 1963 var vélbáturinn Haförn stöðvaður út af Mýrnatanga vegna grunsamlegra athafna innan 4 sjómílna markanna.

Skipstjóri, Ingólfur Matthíasson, fæddur 17/12 1916, heima Hólagötu 20, Vestmannaeyjum.

Nánari atvik eru sem hér segir: Laugardaginn 10. ágúst 1963, er varðskipið var á vesturleið út af Skarðsfjöru, varð vart við bát, sem virtist grunsamlega nálægt landi.

Kl. 1601 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Hjörleifshöfði	> 86° 20'
Skarðsfjöruviti	> 26° 05'
Lómagnúpur	
Bátur	> 39° 21'
Skarðsfjöruviti	

Fjarlægð bátsins 5.15 sjómílnur, er gefur stað bátsins um 1.7 sjómílnur innan fjögurra mílna markanna.

Kl. 1603 sett upp stoppmerki, „K“, og flautað stöðvunarmerki. Hlerar sáust hanga á gálgum utanborðs. Kl. 1603 setur báturinn á ferð út um, en sinnir ekki stöðvunarmerkjum. Kl. 1622 er komið að bátnum VE 23, Haförninn, sem stöðvaði þá. Staður:

Hjörleifshöfði	> 29° 12'
Alviðruhamarsviti	> 82° 45'
Lómagnúpur	

Dýpi 105 metrar, er gefur stað bátsins um 0.2 sjómílnur innan fjögurra mílna markanna. III. stýrimaður fór um borð og at-

hugaði veiðarfæri bátsins. Var humarvarpa og fiskivarpa á þilfari. Fiskivarpan var auðsjáanlega nýlega komin úr sjó og vel lifandi fiskur á þilfari, og menn voru við bætingu á vörpu.

Humarleyfisbréf bátsins var í landi. Farið var með skipstjóra bátsins um borð í varðskipið.

Skipstjórinn kvaðst hafa tekið inn vörpuna fyrir ca. 45 mínútum, en hann kom um borð í varðskipið kl. 1630. Hann kvaðst hafa tekið inn vörpuna á 119 metrum, en gat ekki nánar gefið skýringu á því, hvar hann hefði verið staddur, en hélt, að hann hefði rekið inn fyrir.

Honum var bent á, að staðarákvörðun, tekin af varðskipinu kl. 1601 af báti hans, gæfi hann um 1.7 sjómílar innan 4 sjóm. fiskveiðitakmarkanna, og varla væri mögulegt fyrir hann að vera kominn á þenna stað, hafi hann halað vörpuna inn fyrir utan línu. Hann viðurkenndi ekki veiðar fyrir innan línu, en aftur á móti, að hann hefði verið með hlera úti, fiskað með fiskivörpu og haft humarvörpu um borð, en leyfisbréfið væri í landi. Honum var sagt að fara strax í land og setja fiskivörpuna í land og taka humarleyfisbréfið um borð. Skýrsla yrði gefin um atburð þenna, en hvort málsókn yrði gerð á hendur honum, yrði framtíðin að skera úr.

Staðarákvarðanir voru gerðar af I., II. og III. stýrimanni undir umsjón skipherra.

Staðarákvarðanir voru gerðar með sextöntum, Sperry-ratsjá og Gyro-áttavita skipsins.

Veður: Logn, skyggni ágætt.“

Skýrsla þessi var undirrituð af Þórarni Björnssyni skipherra.

Helgi Hallvarðsson I. stýrimaður, Björn Jónsson II. stýrimaður og Kristinn Jóhann Árnason III. stýrimaður mættu allir fyrir sakadómi Reykjavíkur og staðfestu þeir allir efni skýrslunnar.

Staðarákvarðanir voru gerðar af I., II. og III. stýrimanni undir umsjón skipherra. Ákærði mótmælir ekki staðarákvörðunum varðskipsmanna né vefengir þær. Hann neitaði fyrir rétti að hafa verið að ólöglegum togveiðum innan fiskveiðitakmarkanna. Hann viðurkenndi hins vegar, að bátur sinn hefði verið með óbúlkud veiðarfæri, er varðskipið kom að honum. Hann segist aldrei hafa togað þarna suður undan Alviðruvitanum á grynna dýpi en 64 föðmum, en ekki gert þarna aðrar staðarákvarðanir en dýptarmælingar.

Ákærði segir, að þeir skipverjar á Haferninum hafi þarna verið að bæta trollið og verið að því þrjá stundarfjórðunga,

en á þeim tíma hafi bátinn rekið inn fyrir fiskveiðitakmörkin, enda segir hann, að þarna hafi verið suðvestan gola eða kaldi og mikill straumur.

Eins og málið liggur fyrir, hafa engin gögn komið fram, er færa sönnur á gegn mótmælum ákærða, að hann hafi verið að togveiðum innan fiskveiðitakmarkanna í umrætt sinn. Verður hann því sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 5 frá 1920, sbr. tilheyrandi ákvæði.

Hins vegar er upplýst, að ákærði var með óbúlkuð veiðarfæri á skipi sínu innan fiskveiðitakmarkanna, og hefur hann með því gerzt brotlegur gegn 4. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. lög nr. 44/1948 og 2. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1959, og skal sæta refsingu samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 87/1958 og 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951.

M/b Haförn, VE 23, er að stærð 36.22 rúmllestir brúttó samkvæmt skipaskrá Vestmannaeyja.

Gullgengi íslenzkrar krónu er nú samkvæmt opinberum skýrslum á þá leið, að 100 gullkrónur jafngilda 1951.09 pappírskrónum.

Með tilvísun til þess, sem nú hefur verið rakið undir II, og samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 4.000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Matthíasson, greiði kr. 4.000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Einnig greiði hann allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.